

samband kunni að vera milli fótasársins og heilabólgunnar, svo hvort lega stúlkunnar úti aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember 1944 með þeim hætti, er í gögnum málsins greinir, kunni að vera samverkandi orsök að dauða hennar. Loks er þess óskað, að lækna ráð láti uppi álit sitt um önnur efni, sem það kynni að telja skipta máli um dánarorsökina.

Því úrskurðast:

Lækna ráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Föstudaginn 7. desember 1945.

Kærumálið nr. 14/1945. Helgi Magnússon

gegn

Yngva Jóhannessyni.

Um vitnaskyldu.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarféðetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 19. f. m., sem hingað barst 27. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt ákvæðum 4. málsg. 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði fégetaréttar Reykjavíkur 19. f. m., þar sem fjórum nafngreindum vitnum var ekki talið skylt að gefa skýrslu fyrir dómi um leigufjárhæðir þær, sem þeir greiða varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kostnað af kærumálinu eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Ekki verður talið, að svör við framangreindum spurningum séu sýnilega þýðingarlaus fyrir málið, og ber vitnunum því með skírskotun til 3. töluliðs 125. gr. laga nr. 85/1936 að gefa skýrslu fyrir dómi um þessi efni. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðilja til greiðslu kærumálkostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Vitnunum Jakob Alfred Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni er hverju um sig skylt að gefa fyrir dómi skýrslu um, hversu háa leigu þau greiða fyrir herbergi í húsi varnaraðilja.

Varnaraðili, Yngvi Jóhannesson, greiði sóknaraðilja, Helga Magnússyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1945.

Í réttarhaldi í máli þessu 17. þ. m., hefur umboðsmaður gerðarþola, Magnús Thorlacius hrl., krafizt þess, að vitnunum Jakob Alfred Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni verði úrskurðað skylt að upplýsa, hve mikið hver þeirra um sig greiði í leigu, en þessir menn eru leigutakar í húsi gerðarbeiðanda nr. 71 við Njálsgötu. Ofangreind vitni hafa neitað að gefa upplýsingar um þetta atriði, þar sem þau telja það málinu óviðkomandi. Var þá ágreiningurinn um svarskyldu vitnanna um þetta atriði tekinn undir úrskurð fógætaréttarins.

Málavextir í útburðarmáli þessu eru í stuttu máli þeir, að gerðarbeiðandi Yngi Jóhannesson, til heimilis Njálsgötu 71 hér í bæ, hefur krafizt, að gerðarþoli, Helgi Magnússon, rými eitt herbergi af íbúð þeirra, sem hann hefur nú á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda, með því að gerðarbeiðandi telur sig hafa þess brýna þörf. Gerðarbeiðandi hefur til afnota fyrir sjálfan sig 4 herbergi og eldhús, og býr þar með konu sinni og þrem börnum, 6, 11 og 16 ára, og tengdamóður sinni, fatlaðri á sjötugsaldri. Auk þess kveðst gerðarbeiðandi hafa þörf fyrir húshjálp, þar sem kona sín sé heilsuveil, og hefur hann lagt fram læknisvottorð þar að lútandi. Gerðarþoli hefur á leigu 4 herbergi og eldhús og býr þar ásamt konu sinni, sem hann kveður heilsuveila og hafa brýna þörf fyrir aðstoð við heimilisstörf.

Ástæðuna fyrir kröfu sinni um upplýsingar um leigugreiðslur ofangreindra vitna kveður umboðsmaður gerðarþola þær, að hann telur, að gerðarbeiðandi hafi sagt fyrri leigjanda sínum, Hafliða Bjarnasyni, upp húsnaði hans, til að geta leigt ofangreindum mönnum herbergi gegn hárrí leigu. Telur umboðsmaður gerðarþola, að sá muni einnig vera tilgangur gerðarbeiðanda með mála-

rekstri þessum, og sé því næsta mikilvægt, að vitnin veiti þessar upplýsingar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur engar ástæður fært fram fyrir þessum grun sínum um tilgang gerðarbeiðanda með málarekstri þessum, og virðist réttinum samkvæmt efni málsins næsta þýðingarlítið, að spurningar þessa efnis verði bornar upp fyrir ofangreindum vitnum, og þykir því ekki rétt að gera þeim neina skyldu til þess að svara þeim.

Því úrskurðast:

Vitnunum Jakob Alfreð Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni skal ekki skylt að gefa upplýsingar í máli þessu um leiguupphæðir þær, er þeir greiða gerðarbeiðanda, Yngva Jóhannessyni.

Miðvikudaginn 12. desember 1945.

Nr. 126/1944. **Eigendur v/b „Ársæls“ V.E. 8**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

eigendum v/b „Kára“ V.E. 27

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking dóms og málsmeðferðar og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódomsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Með hæstaréttardómi 19. maí 1943 var héraðsdómur í máli þessu, uppkveðinn 29. júní 1942, ómerktur svo og meðferð málsins frá 31. október 1941, og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Ástæður til ómerkingar þessarar voru m. a. þær, að aðiljar höfðu andstætt fyrirmælum 9. kafla laga nr. 85/1936 fengið fresti á víxl og skipzt á alls sex skriflegum greinargerðum auk greinagerða samkvæmt 105. og 106. gr. sömu laga.